

REGLUR

um breytingu á reglum fyrir Háskóla Íslands, nr. 569/2009.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 113. gr. reglnanna:

- a. 3. málsl. 14. mgr. orðast svo: Umsækjendum sem ekki ná lágmarkseinkunninni stendur til boða að leggja stund á hagnýtt nám í íslensku, að því gefnu að þeir uppfylli kröfur um ensku, og geti með því aflað undirbúnings fyrir inntökupróf í BA-nám í íslensku sem annað mál.
- b. Á eftir 3. málsl. 14. mgr. bætist við nýr málslíður, 4. málsl., svohljóðandi:
Nemendur sem útskrifast úr hagnýtu námi í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands frá og með árinu 2022 þurfa ekki að taka inntökupróf ef meðaltal einkunna er 7,25 eða hærra.
- c. Á eftir 14. mgr. bætist við ný málsgrein, 15. mgr., svohljóðandi: Sérstakt inntökupróf er haldið fyrir umsækjendum um nám í íslenskustoð. Inntökuprófið er að jafnaði haldið í júní. Þeir sem ná lágmarkseinkunninni 6,0 á inntökuprófinu öðlast rétt til að hefja nám í íslenskustoð. Umsækjendum sem ekki ná lágmarkseinkunninni stendur til boða að leggja stund á hagnýtt nám í íslensku, að því gefnu að þeir uppfylli kröfur um enskukunnáttu, og geta með því undirbúið sig fyrir inntökuprófið í íslenskustoð. Nemendur sem útskrifast úr hagnýtu námi í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands frá og með árinu 2022 þurfa ekki að taka inntökupróf ef meðaltal einkunna er 7,25 eða hærra.
- d. 15. mgr., sem verður 16. mgr., orðast svo: Sérstakt inntökupróf er jafnframt haldið fyrir umsækjendum um nám í námsleiðinni íslenska sem annað mál – hagnýtt nám. Inntökuprófið er að jafnaði haldið í júní fyrir umsækjendum sem búsettir eru á Íslandi en í mars fyrir umsækjendum sem búsettir eru erlendis. Þeir sem ná lágmarkseinkunninni 6,0 á inntökuprófinu öðlast rétt til að hefja námið.

2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög um opinbera háskóla, nr. 85/2008, og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 13. nóvember 2025.

Silja Bára R. Ómarsdóttir.

Magnús Jökull Sigurjónsson.